# FSRE

## RVÍK - 08.04.22

Framkvæmdasýslan Ríkiseignir

AÐSTAÐA Í ALLRA ÞÁGU



ALÞINGI NÝBYGGING

# Hlutverk

## FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR

HLUTVERK OKKAR ER AÐ REKA, VIÐHALDA OG ÞRÓA AÐSTÖÐU SEM NÝTIST Í SAMFÉLAGSLEGU ÞÁGU

**Leiguþjónusta og þróun eignasafns FSRE**

M.a. Heilbrigðisstofnanir, hjúkrunarheimili, framhaldsskóla, lögreglustöðvar, dómshús, menningarbyggingar og skrifstofur ráðuneyta og stofnana

**Ráðgjöf vegna opinbera framkvæmda utan eignasafns**

M.a. Ofanflóðavarnir, uppbygging á friðlýstum svæðum og þjóðgörðum

FSRE



# Umhverfisáherslur FSRE

## VOTTAÐAR NÝBYGGINGAR



**6**

**LOKIÐ**

**21**

**Í VINNSLU**



FSRE

# Verkefni

## YFIRLIT OG VERKEFNALOK




FSRE

VERKEFNALOK

# Alþingi – Skrifstofur

## STAÐA VERKEFNIS

**Verk nr.**
601-0015

**Verkefnastjóri:**
Ármann Ó. Sigurðsson

Verkið felst í því að reisa nýtt skrifstofu- og þjónustuhús fyrir Alþingi á horni Tjarnargötu og Vonarstrætis samkvæmt uppdráttum Studio Granda sem hlaut 1. verðlaun í samkeppni um hönnun hússins. Húsið er skráð nr. 9 við Tjarnargötu og er 5 hæðir og kjallari auk tengigangs og bílageymslu sem tengjast eldri tengigangi og bílageymslu neðanjarðar. Í byggingunni verða skrifstofur þingmanna, funda- og vinnuaðstaða fyrir þingflokka og starfsfólk þeirra, fundaherbergi fastanefnda, vinnuaðstaða fyrir starfsfólk nefndanna og mötuneyti. Byggingin verður staðsteypt og einangruð og klædd að utan með steinklæðningu úr fimm íslenskum steintegundum

| | |
|---|---|
| Lýsing verkefnis | Nýbygging. Þjónustu og skrifstofuhús Alþingis |
| Stig verkefnis | Uppsteypu að ljúka. |
| Upphaf framkvæmda | Q2-3 ´21 |
| Áætluð verklok | Q3 ´23 |
| Hönnuðir / Verktaki | Studio Granda - Efla / ÞG-Verk |
| Áætlaður heildarkostnaður | **5.240 mkr.** |



# Húsnæði forsætisráðuneytisins

## STAÐA VERKEFNIS

**Verk nr.**
601-0015

**Verkefnastjóri:**
Friðrik Ó. Friðriksson

Heildar verkefnið felur í sér 1) hönnun og framkvæmd nýbyggingar, 2)fornleifauppgröft, sem var framkvæmdur undir verknr. 501-0016 og er lokið, 3) innri breytingar Stjórnarráðshússins og 4) búnaðarkaup.
Verkið hefur tekið töluverðum breytingum frá hönnunarsamkeppni 2018, deiliskipulag liggur nú fyrir, samráð við borgaryfirvöld og verksefnistjórn Borgarlínu er um ytra umhverfi vegna áforma um breytingar Bankastrætis, Lækjargötu og Hverfisgötu á sama verktíma.  Samningagerð við hönnuði stendur nú yfir.

| | |
|---|---|
| Lýsing verkefnis | Nýbygging FOR og innri endurbætur Stjórnarráðshússins |
| Stig verkefnis | KÁ-0, áætlunargerð des ´21 (-15/+30%) |
| Upphaf hönnunar | Q1 2022 |
| Upphaf framkvæmda | Q2-3 ´23 |
| Áætluð verklok | Q1 ´25 |
| Hönnuðir / Verktaki | Kurt og Pí ehf. / liggur ekki fyrir |
| Áætlaður heildarkostnaður | **1.900 mkr.** |




FSRE

# Hús viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu

## STAÐA VERKEFNIS

**Verk nr.**
602-1310

**Verkefnastjóri:**
Hannes Frímann Sigurðsson

Verkefnið snýst um ca 26.100 m² höfuðstöðvar fyrir löggæslu- og viðbragðsaðila.
Byggt er á að starfsemin verði í VMV umhverfi. Um 1/3 hússins er skrifstofur aðila annað er sértækt húsnæði s.s. rannsóknarstofur, björgunarmiðstöð, kennslusetur og fl. Lóð er ódeiliskipulögð.

| | |
|---|---|
| Lýsing verkefnis | Nýjar höfuðstöðvar löggæslu- og viðbragðsaðila |
| Stig verkefnis | KÁ-1, áætlunargerð |
| Upphaf hönnunar | Q3-4 2023 jarðvinna / Q1-2 2024 uppbygging |
| Upphaf framkvæmda | Q4- 2027 |
| Áætluð verklok | Q4- 2027 |
| Hönnuðir | / Forval Q4 - 2022 |
| Áætlaður heildarkostnaður | Liggur ekki fyrir. |



FSRE

# Hús íslenskra fræða

## STAÐA VERKEFNIS

**Verk nr.**
602-1310

**Verkefnastjóri:**
**Anton Ö. Schmidhauser**

Byggingin mun hýsa fjölbreytta starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar og íslensku- og menningardeildar H.Í. Þar verða ýmis sérhönnuð rými s.s. fyrir varðveislu, rannsóknir og sýningu á fornum íslenskum skinnhandritum, vinnustofur kennara og ræðimanna, lesrými fyrir nemendur á mismunandi stigum háskólanáms, fyrirlestra- og kennslusali, almennar skrifstofur; bókasafn með lesrými, auk kaffistofu og tækni- og stoðrýma.

| | |
|---|---|
| Lýsing verkefnis | Nýbygging. Handritageymsla, skrifstofur og kennsluaðstaða |
| Stig verkefnis | Verkframkvæmd langt komin. |
| Upphaf framkvæmda | Q2-3 ´19 |
| Áætluð verklok | Q3 ´22 |
| Hönnuðir / Verktaki | Hornsteinar - Verkís / ÍSTAK |
| Áætlaður heildarkostnaður | **6.760 m.kr.** |



FSRE

# Menntaskólinn í Reykjavík

## STAÐA VERKEFNIS

**Verk nr.**
602-4350

**Verkefnastjóri:**
**Hjálmar Ö. Guðmarsson**

Uppbyggingu á nýju húsnæði fyrir MR ástamt flutningi og endurbyggingu á Casa Christi. Framkvæmdin á að bæta húsakost MR m.a. til að uppfylla almennar lágmarkskröfur um starfsemi framhaldsskóla og bæta úr félagsaðstöðu nemenda við skólann.

| | |
|---|---|
| Lýsing verkefnis | Nýbygging og endurbætur á eldra húsnæði |
| Stig verkefnis | Í áætlanagerð. |
| Upphaf hönnunar | Q3 ´22 |
| Upphaf framkvæmda | Q1-2 ´23 |
| Áætluð verklok | Q1-Q2 ´26 |
| Hönnuðir / Verktaki | Óvíst |
| Áætlaður heildarkostnaður | **2.400 m.kr.** |



FSRE

# Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

## STAÐA VERKEFNIS

**Verk nr.**
602-3315

**Verkefnastjóri:**
**Hjálmar Ö. Guðmarsson**

Uppbyggingu á nýju verknámshúsnæði fyrir rafmagns- og húsasmíðadeild skólans.

Með þessari framkvæmd er fundinn einn staður fyrir iðnnámsdeildir skólans ásamt listgreinum.

| | |
|---|---|
| Lýsing verkefnis | Nýbygging. Verknámsaðstaða við framhldsskóla. |
| Stig verkefnis | Frumathugun lokið. |
| Upphaf hönnunar | Q1 ´23 |
| Upphaf framkvæmda | Q3 ´23 |
| Áætluð verklok | Q3 ´25 |
| Hönnuðir / Verktaki | Óvíst |
| Áætlaður heildarkostnaður | **1.200 m.kr.** |



FSRE

# Mosavegur hjúkrunarheimili

## STAÐA VERKEFNIS

**Verk nr.**
608-7060

**Verkefnastjóri:**
Friðrik Ó. Friðriksson

Verkefnið snýst um byggingu 140 rýma hjúkrunarheimilis að stærð 9.100$m^2$ A og 700$m^2$ B nýbyggingu (3-5h) og lóð, skv. nýjum viðmiðum.  Lóð er enn ódeiliskipulögð.  Deiliskipulag er í vinnslu hjá Reykjavíkurborg.

| | |
|---|---|
| Lýsing verkefnis | Nýbygging hjúkrunarheimilis |
| Stig verkefnis | KÁ-0, áætlunargerð des. ´21, deiliskipulag |
| Upphaf hönnunar | Q4 ´22 |
| Upphaf framkvæmda | Q3-4 2023 jarðvinna / Q1-2 2024 uppbygging |
| Áætluð verklok | Q3-Q4 ´26 |
| Hönnuðir / Verktaki | liggur ekki fyrir |
| Áætlaður heildarkostnaður | **7.700 m.kr** |




FSRE

# Ártún hjúkrunarheimili

## STAÐA VERKEFNIS

**Verk nr.**
608-7046

**Verkefnastjóri:**
Aðalheiður Atladóttir

Forathugun vegna byggingar 200 rýma hjúkrunarheimilis á svæði við Ártúnshöfða.

| | |
|---|---|
| Lýsing verkefnis | Forathugun vegna nýbyggingar hjúkrunarheimilis |
| Stig verkefnis | Í forathugun |
| Upphaf hönnunar | N/A |
| Upphaf framkvæmda | N/A |
| Áætluð verklok | N/A |
| Hönnuðir / Verktaki | N/A |
| Áætlaður heildarkostnaður | |

*Heilbrigðisráðuneytið, kt. 521218-0530, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík gera með sér eftirfarandi*

**Viljayfirlýsingu**

**um byggingu hjúkrunarheimilis**

**í Reykjavík**

1. gr.

Heilbrigðisráðuneytið og Reykjavíkurborg lýsa yfir vilja til að standa saman að byggingu hjúkrunarheimilis fyrir allt að 200 nýjum rýmum.

Viljayfirlýsingin er gerð með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum, ákvörðun borgarstjórnar um fjárveitingu í fjárhagsáætlun og að breytingar á skipulagi gangi eftir.

2. gr.

Áætlað er að reisa hjúkrunarheimilið á svæði við Ártúnshöfðann, 110 Reykjavík. Skipulagsvinna fyrir svæðið er í gangi og verður stefnt að því að hægt sé að hefja verkframkvæmd árið 2023.

3. gr.

Kostnaður við byggingu hjúkrunarheimilis mun skiptast þannig að 85% greiðast úr ríkissjóði en Reykjavíkurborg greiðir 15%.

Kostnaður sem fellur til við kaup á búnaði mun greiðast í sömu hlutföllum og nýbyggingin. Um kaup á búnaði gilda sérstakar reglur.

Eignarhlutur hvers aðila verður í samræmi við hlutfallslega skiptingu heildarkostnaðar.

Miða skal við að verkleg framkvæmd geti hafist árið 2023 og að taka megi heimilið í notkun árið 2026.

Reykjavík, 25. 5. 2021

Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra

Dagur B. Eggertsson
Borgarstjóri

FSRE

# Húsnæði skattsins

## STAÐA VERKEFNIS

**Verk nr.**
633-0245

**Verkefnastjóri:**
Óli K.
Vilmundarson

Bygging nýs skrifstofu- og þjónustuhúsnæðis fyrir Skattinn og FJS. Byggingin verður alls 11 hæðir og 11.705 m2.
FSRE annast umsjón útboðs, gerð samninga og eftirfylgni vegna þeirra.

| | |
|---|---|
| Lýsing verkefnis | Nýbygging skrifstofuhúsnæðis |
| Stig verkefnis | Í verkframkvæmd |
| Upphaf framkvæmda | Q2 ´21 |
| Áætluð verklok | Q4 ´22 |
| Hönnuðir / Verktaki | PK arkitektar / Eykt ehf. |
| Áætlaður heildarkostnaður | **Leiguverkefni** |



FSRE

# Stuðlaháls – stækkun dreifingarmiðstöðvar

## STAÐA VERKEFNIS

**Verk nr.**
609-5020

**Verkefnastjóri:**
Friðrik Ó.
Friðriksson

Verkefnið felst í hönnun og byggingu um 1400 fermetra vöruhúss fyrir ÁTVR að Stuðlahálsi 2 í Reykjavík.
Burðarvirki vöruhússins verður stálgrind og útveggir og þak verða stálklæðningar í flokki 1.
Hönnun húsæðis er háð núverandi byggingum á lóð.

| | |
|---|---|
| Lýsing verkefnis | Nýbygging stálgrindarhús |
| Stig verkefnis | Áætlanagerð |
| Upphaf hönnunar | Q2 ´22 |
| Upphaf framkvæmda | Liggur ekki fyrir |
| Áætluð verklok | Liggja ekki fyrir |
| Hönnuðir / Verktaki | liggur ekki fyrir |
| Áætlaður heildarkostnaður | **450 m.kr** |



FSRE

FSRE.IS

AÐSTAÐA
Í ALLRA
ÞÁGU

FSRE